
Sérstakir skilmálar

fyrir eftirlifendalífeyrisþáttinn: Höfuðstóll við andlát

E 627

Kæri viðskiptavinur.

Eftirfarandi skilmálar¹ upplýsa þig um reglurnar sem gilda um ofan nefndan þátt. Ef ekki er annað tekið fram í þessum skilmálum gilda Almennu tryggingarskilmálarnir fyrir grunnþáttinn eftir því sem við á.

Eftirfarandi skilmálar eru bein þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi er Veturliði Guðnason löggiltur skjalaþýðandi í þýsku.

Með kærri kveðju
frá tryggingarfélaginu þínu

Allianz

Efnisyfirlit

Blaðsíða

§ 1	Hvað er tryggt?	2
§ 2	Hvenær getur þú hækkad tryggðan höfuðstól við andlát?	2
§ 3	Hvernig getur þú lækkað eða útilokað tryggðan höfuðstól við andlát?	3
§ 4	Hvernig er sambandið við grunnþáttinn?	3
§ 5	Hvað gildir um iðgjaldslausu tryggingu eða uppsögn?	3
§ 6	Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeildina?	3
§ 7	Við hvaða skilyrði er hægt að breyta iðgjaldinu og hvaða ákvæðum er hægt að breyta?	4
	Breytingar á “Sérstökum skilmálum” fyrir eftirlifendalífeyrisþáttinn: Höfuðstóll við andlát	4

¹ Skilmálar þessir eru þýðing úr þýsku. Ef mismunur er á þýska textanum og þeim íslenska gildir þýski textinn

§ 1 Hvað er tryggt?

(1) Látist hinn tryggði fyrir umsamin lok bið-/tryggingartímans greiðum við þann tryggða höfuðstól sem umsamin var í því tilviki. Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við andlát þess tryggða sem fyrstur fellur frá.

Látist fleiri en einn hinna tryggðu samtímis greiðum við tryggða höfuðstólinn aðeins einu sinni.

(2) Við veitum þér hlutdeild í hagnaði okkar (sjá reglur í § 6).

§ 2 Hvenær getur þú hækkað tryggðan höfuðstól við andlát?

Hafir þú einnig innifalið tryggðan höfuðstól við andlát frá samningsgerð getur þú hækkað tryggðan höfuðstól við andlát án læknisskoðunar við eftirfarandi atburði:

- við fæðingu barns hins tryggða eða eins hinna tryggðu eða hinn tryggði eða einn hinna tryggðu ættleiðir ófullveðja einstakling
- hinn tryggði eða einn hinna tryggðu byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur , svo framarlega sem það krefst aðildar að fagfélagi eða ráði.
- við lok starfsmenntunar eða byrjun atvinnuþátttöku hins tryggða eða eins hinna tryggðu
- hinn tryggði eða einn hinna tryggðu tekur lán til að fjármagna fasteign til eigin nota að verðgildi minnst 100.000 €.

Í þessum tilvikum má hækkaði tryggði höfuðstólinn við andlát ekki fara upp fyrir tvöfaldan tryggðan höfuðstól til ellilífeyris. Ef við á skal jafnframt hækka tryggða höfuðstólinn til ellilífeyris svo mikið að þetta skilyrði sé uppfyllt.

Þú getur einnig hækkað tryggðan höfuðstól við andlát:

- við giftingu hins tryggða eða eins hinna tryggðu
- þegar hinn tryggði eða einn hinna tryggðu verður fullveðja
- þegar heil ár eru liðin frá upphafi tryggingarinnar, í fyrsta lagi 5 árum eftir samningsgerð eða síðustu hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát. Til þess verður þú að sækja um hækkunina minnst 6 mánuðum fyrir.

Í þessum tilvikum verður þú að hækka tryggðan höfuðstól til ellilífeyris að minnsta kosti í sama hlutfalli og tryggðan höfuðstól við andlát.

Að öðru leyti gilda eftirfarandi forsendur:

- fara verður fram á hækkunina innan 6 mánaða frá því að ofanefndir atburðir gerast
- hinn tryggði eða allir hinir tryggðu er enn ekki komnir yfir 53 ára reikningsaldur¹
- hinn tryggði er eða hinir tryggðu eru ekki óvinnufærir
- ekki er um að ræða tryggingu innan ramma ellilífeyris fyrirtækis eða innan hópsamnings.

Fyrir hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát gilda eftirfarandi takmarkanir:

- lágmarksupphæð x.xxx €

¹ Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingar – þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættum liðnum bið-/tryggingartíma.

- hámarksupphæð xx.xxx €
- hámarksupphæð við fleiri en eina hækkun: samtals xx.xxx €
- hækkaði tryggði höfuðstóllinn við andlát má ekki fara yfir xxx.xxx €

Hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát og ef við á tryggðs höfuðstóls til ellilífeyris fer fram samkvæmt þáttareglum sem um það gilda. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- örorkulífeyrisþáttur er ekki hækkaður með
- þáttinn höfuðstól við andlát af slysförum er aðeins hægt að hækka sameiginlega með tryggðum höfuðstól til ellilífeyris og þá í sama hlutfalli. Hækkunin fer fram eftir þáttareglum sem það varða. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

§ 3 Hvernig getur þú lækkað eða útilokað tryggðan höfuðstól við andlát?

(1) Þú getur lækkað tryggðan höfuðstól við andlát. Hann verður þó að nema minnst 60% af heildar-upphæð umsaminna iðgjalda fyrir grunnþáttinn og alla innifalda þætti að undanteknum þáttunum örorkulífeyrir og umönnunarlífeyrir. Ef óskað er upplýsum við þig um tiltekna lágmarksupphæðir, frekari skilyrði og um afleiðingarnar.

(2) Þú getur líka útilokað þáttinn tryggðan höfuðstól við andlát. Í stað fyrri grunnþáttar fyrir ellilífeyri kemur þá nýr grunnþáttur með sama tryggða höfuðstól við lifun og iðgjaldsendurgreiðslu við andlát sem nemur hæð greiddra iðgjalda fyrir ellilífeyrinn. Við lifun getur þú valið um tryggðan lífeyri eða tryggðan höfuðstól.

Iðgjaldið fyrir grunnþáttinn er reiknað út að nýju eftir reglum tryggingastærðfræðinnar.

Hafi aðeins tryggður höfuðstóll við lifun verið tryggður með fyrri grunnþætti gilda þær útreiknings-forsendur og þau ákvæði fyrir nýja grunnþáttinn sem gilda á tíma útilokunarinnar.

§ 4 Hvernig er sambandið við grunnþáttinn?

(1) Þátturinn höfuðstóll við andlát myndar eina heild ásamt grunnþættinum; ekki er hægt að halda honum áfram án grunnþáttarins.

(2) Þátturinn höfuðstóll við andlát fellur niður þegar grunnþættinum lýkur eða við upphaf lífeyris-greiðslna úr grunnþættinum.

§ 5 Hvað gildir um iðgjaldsfría tryggingu eða uppsögn?

(1) Iðgjaldafrí

Gerir þú alla trygginguna iðgjaldsfría og sé þá samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar upphæð úr þættinum höfuðstóll við andlát til ráðstöfunar sætir hún frádrætti (§ 174 í Tryggingasamningalögum).

Frádrátturinn er nauðsynlegur vegna þess að ef iðgjaldsfríar greiðslur væru reiknaðar út án þessa frádráttar væri ekki tekið hæfilegt tillit til hagsmuna hinna tryggðu sem eru áfram í tryggingarhópnum. Við gjaldskrárútreikninga er gert ráð fyrir því að umsömdum iðgjaldsgreiðslum verði ekki hætt fyrr en áætlað var. Hin neikvæðu áhrif á þá sem eru áfram í tryggingarhópnum, sem verða við það að iðgjaldsgreiðslum er hætt fyrr en áætlað var, eru jöfnuð út með frádrættinum.

Í frádrættinum felst frádráttur fyrir grunnþáttinn og frádráttur fyrir aðra innifalda tryggingarþætti.

Hæð frádráttar fyrir þáttinn höfuðstól við andlát nemur x, x % heildarupphæðar umsaminna iðgjalda fyrir þennan þátt fyrir þann iðgjaldsgreiðslutíma sem eftir er. Felist grunnskeið í tryggingu þinni er aðeins tekið tillit til iðgjaldsgreiðslutímans til loka grunnskeiðsins.

Ef frádráttur fellur niður í grunnþættinum verður heldur enginn frádráttur í þættinum höfuðstól við andlát.

Þú hefur rétt til að færa sönnun fyrir því að í þínu tilfelli sé frádráttur alls ekki við hæfi eða aðeins í mun minni mæli.

Frá því að trygging er gerð iðgjaldsfrí eru greiðslur úr iðgjaldsfría þættinum höfuðstól við andlát jafn-háar og lækkaður tryggður höfuðstóll grunnþáttarins.

(2) Uppsögn

Ef þú segir tryggingu þinni upp færð þú þágildandi verðgildi tryggingar þinnar sem endurkaupsvirði (§ 176 í Tryggingarsamningalögum). Frá því dregst frádráttur. Frádrátturinn er nauðsynlegur vegna þess að ef iðgjaldsfríar greiðslur væru reiknaðar út án þessa frádráttar væri ekki tekið hæfilegt tillit til hagsmuna hinna tryggðu sem eru áfram í tryggingarhópnum. Við gjaldskrárútreikninga er gert ráð fyrir því að umsömdum iðgjaldsgreiðslum verði ekki hætt fyrr en áætlað var. Hin neikvæðu áhrif á þá sem eru áfram í tryggingarhópnum, sem verða við það að iðgjaldsgreiðslum er hætt fyrr en áætlað var, eru jöfnuð út með frádrættinum. Hæð hans fyrir grunnþáttinn er tilgreind í Almennu tryggingarskilmálunum. Fyrir þáttinn höfuðstól við andlát tókum við sama frádrátt og í tölulíð 1, svo framarlega sem tryggingin var iðgjaldsskyld á uppsagnartímanum. Annars sleppum við frádrætti fyrir þáttinn höfuðstól við andlát.

§ 6 Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeildina?

(1) Þátturinn höfuðstóll við andlát á hlutdeild í hagnaðinum út af fyrir sig. Hvaða flokki þáttur þinn tilheyrir sérð þú í tryggingarskírteininu. Háð þeirri flokkun veitum við í byrjun hvers tryggingarárs þætti þínum hlutdeild í áunnum hagnaði (árlegir hagnaðarhlutar). Auk þess getur lokahagnaðarhluti bæst við þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur. Við birtum hagnaðarhlutaprósenturnar í ársskýrslu okkar, tilkynnum þér um þær í tryggingarskírteininu eða á annan hátt.

(2) Stuðlarnir, sem hagnaðarhlutaprósenturnar miðast við, eru einkum háðar þættinum, aldri hins tryggða, lengd bið-/tryggingartímans og hæð tryggðs höfuðstóls við andlát. Þeir eru reiknaðar út skv. viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

(3) Hagnaðarhlutarnir eru, ásamt hagnaðarhlutum grunnþáttarins, notaðir á þann hátt sem tilgreint er í viðeigandi Almennum tryggingarskilmálum.

(4) Í viðbót við nefnda hagnaðarhluta getur lokahagnaðarhluti bæst við þegar tryggingargreiðslan gjald-fellur. Hæð þessa lokahagnaðarhluta er ákveðin með tilliti til arðseminnar hverju sinni og þróunar dánartíðni. Lokahagnaðarhlutinn hækkar hagnaðarhlutdeild grunnþáttarins.

§ 7 Við hvaða skilyrði er hægt að breyta iðgjaldinu og hvaða ákvæðum er hægt að breyta?

(1) Við breytingu á greiðsluþörf, sem telst ekki aðeins vera tímabundin og er ekki fyrirsjáanleg, gagnvart tæknilegum reikniforsendum og iðgjaldinu sem reiknað er samkvæmt þeim, höfum við rétt til þess að ákveða það að nýju miðað við leiðréttar reikniforsendur. Skilyrði er að breytingin teljist nauðsynleg til að tryggja greiðslugetu tryggingafjár til frambúðar og að óháður fjárhaldsmaður hafi kannað reikniforsendurnar og aðrar forsendur breytingarinnar og staðfest að þær séu við hæfi (§ 172, töluliður 1 í Tryggingasamningalögum).

Málgreinar 1 og 2 gilda einnig um tryggingar með stytum iðgjaldsgreiðslutíma og um iðgjaldsfríar tryggingar á iðgjaldslausu tímanum. Í þessum tilvikum er hægt að leggja á viðbótariðgjald til að standa undir framtíðargreiðsluþörf við ofanefnd skilyrði.

Um breytingar ákvæðanna um hagnaðarhlutdeild (sbr. § 6) gilda málgreinar 1 og 2 eftir því sem við á.

(2) Við tilkynnum þér um breytingar samkvæmt tölulið 1. Iðgjaldabreyting tekur í fyrsta lagi gildi við upphaf tryggingartímabilsins sem hefst eftir að þú færð tilkynninguna. Breyting ákvæðanna um hagnaðarhlutdeild tekur gildi í byrjun 2. mánaðar eftir að þú færð tilkynninguna.

Breytingar á “Sérstökum skilmálum” fyrir eftirlifendalífeyrisþáttinn: Höfuðstóll við andlát

Hvað gildir um þáttinn höfuðstól við andlát samkvæmt sérstökum gjaldskrá?

HA 1 Í stað § 5, töluliður 1, mgr. 6 kemur:

„Hæð frádráttar fyrir þáttinn höfuðstól við andlát nemur x,x % heildarupphæðar umsaminna iðgjalda fyrir þennan þátt fyrir þann iðgjaldsgreiðslutíma sem eftir er.“